

## REGLUGERÐ um aðgang stjórnmalasamtaka að kjorskra.

### 1. gr.

#### *Markmið.*

Markmið reglugerðar þessarar er að kveða á um heimildir stjórnmalasamtaka til aðgangs að kjorskra, notkun hennar og eyðingu að lokinni notkun.

### 2. gr.

#### *Aðgangur stjórnmalasamtaka að kjorskra.*

Þegar framlagning kjorskrár hefur verið auglýst, sbr. 26. gr. laga um kosningar til Alþingis og 9. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, geta stjórnmalasamtök sem bjóða fram lista við kosningar óskað eftir aðgangi að kjorskra hjá Þjóðskrá Íslands. Kjósendum skal raðað á kjorskra eftir kjördæmum eða sveitarfélögum.

Aðgangur að kjorskra skal veittur án endurgjalds.

Þjóðskrá Íslands skal veita stjórnmalasamtökum aðgang að kjorskra með öruggum hætti og eins og framast er unnt á því skráarformi sem óskað er. Skal fulltrúi stjórnmalasamtaka staðfesta móttöku gagnanna hjá Þjóðskrá Íslands.

Aðgangur stjórnmalasamtaka að kjorskra tekur ekki til merkinga við kjósendur í kjorskra á kjördegi.

### 3. gr.

#### *Heimil not kjorskrárgagna.*

Stjórnmalasamtökum er heimilt að nýta aðgang að kjorskra með eftirfarandi hætti:

- í þágu eftirlits með framkvæmd kosninga,
- til að sannreyna hverjir séu kjósendur og hvar þeir séu á kjorskra,
- til að koma upplýsingum á framfæri við kjósendur í aðdraganda kosninga, þó að gættum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og annarra laga sem við eiga.

### 4. gr.

#### *Óheimil not kjorskrárgagna.*

Stjórnmalasamtökum er óheimilt að birta kjorskrána opinberlega, í heild eða að hluta, og að miðla henni.

Óheimilt er að samkeyra kjorskra við skrá sem hefur að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar nema að gættum ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

### 5. gr.

#### *Vinnsla persónuupplýsinga.*

Við vinnslu persónuupplýsinga skulu stjórnmalasamtök uppfylla skilyrði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

### 6. gr.

#### *Eyðing gagna.*

Stjórnmalasamtökum ber að eyða kjorskrárgögnum og afritum sem þau hafa í sínum vörslum, í hvaða formi sem er, við fyrsta mögulega tækifæri eftir að notkun þeirra lýkur en þó eigi síðar en 21 dag eftir kjördag.

Stjórnmalasamtök skulu án tafar senda Þjóðskrá Íslands tilkynningu um eyðingu gagna skv. 1. mgr. þegar hún hefur farið fram.

Nr. 1031

14. september 2021

7. gr.  
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett skv. 2. mgr. 29. gr. a laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, sbr. 1. tölul. 15. gr. laga nr. 109/2021, að fengnum tillögum landskjörstjórnar, og tekur þegar gildi.

*Dómsmálaráðuneytinu, 14. september 2021.*

**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Haukur Guðmundsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 14. september 2021